

## Vinnuskóli

Vinnuskólinn verður starfræktur frá 9. júní til 31. júlí að því gefnu að flokksstjóri fái til starfa. Vinnuskólinn er fyrir unglinga fædda árin 1998 - 2001. Daglegur vinnutími verður kl. 8-12 og 13-15 fimm daga vikunnar fyrir elstu börnin en fjóra fyrir hin yngri.

Umsóknareyðublöð eru á [www.dalir.is](http://www.dalir.is) og á skrifstofu Dalabyggðar.

Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til og með föstudagsins 28. maí 2014.


## STURLUHÁTÍÐ 27. JÚLÍ - TAKIÐ DAGINN FRÁ

Sunnudaginn 27. júlí 2014 verður efnt til Sturluhátíðar í Dalabyggð en á þessu ári eru 800 ár liðin frá fæðingu Sturlu Þórðarsonar. Hann fæddist 29. júlí 1214. Hátíðin verður haldin að Tjarnarlundi í Saurbæ, hefst klukkan hálf tvö og stendur fram eftir degi.

Dagskráin verður kynnt síðar en meðal gesta verður forseti norska stórþingsins, Einar Kárasón rithöfundur og Guðrún Nordal forstöðukona stofnunar Árna Magnússonar.

Hér verður á ferðinni efni sem enginn þeirra sem hafa áhuga á íslenskri sögu mega missa af.

## Rekstrarniðurstaða A og B hluta 2008-2013



# Dalapósturinn

6. tölublað, 7. árgangur  
20. maí 2014

## Sveitarstjórnarkosningar

### Persónukjör

Engir listar bárust kjörstjórn Dalabyggðar vegna sveitarstjórnarkosninga 31. maí næstkomandi og verða því óhlutbundnar kosningar (persónukjör).

### Frambjóðendur

Sveitarstjórn hefur ákveðið að þeir sem áhuga hafa á að starfa í sveitarstjórn á næsta kjörtímabili geti fengið nafn sitt birt á vef Dalabyggðar og í Dalapósti ásamt heimilisfangi og örstuttum upplýsingum.

Birting á vef hefst föstudaginn 23. maí nk. og gert er ráð fyrir að Dalapósti verði dreift föstudaginn 30. maí.

Þeir sem óska þess að birta nafn sitt með þessum hætti sendi tölvupóst á [dalir@dalir.is](mailto:dalir@dalir.is) eða komi bréfi á skrifstofu Dalabyggðar sem fyrst.

### Kjörskrá

Kjörskrá fyrir Dalabyggð vegna sveitarstjórnarkosninga 31. maí 2014 liggur frammi á skrifstofu Dalabyggðar, Miðbraut 11, Búðardal, frá og með 21. maí 2014 til kjördags, mánudaga – föstudaga kl. 10:00 – 14:00.

## Sýnishorn af kjörseðli

Kjörseðill við sveitarstjórnarkosningar í Dalabyggð 31. maí 2014	
<b>Aðalmenn</b>	
Nafn _____	Heimilisfang _____
Nafn _____	Heimilisfang _____
Nafn _____	Heimilisfang _____
Nafn _____	Heimilisfang _____
Nafn _____	Heimilisfang _____
Nafn _____	Heimilisfang _____
Nafn _____	Heimilisfang _____
<b>Varamenn</b>	
1. Nafn _____	Heimilisfang _____
2. Nafn _____	Heimilisfang _____
3. Nafn _____	Heimilisfang _____
4. Nafn _____	Heimilisfang _____
5. Nafn _____	Heimilisfang _____
6. Nafn _____	Heimilisfang _____
7. Nafn _____	Heimilisfang _____

## Utankjörfundaatkvæðagreiðsla

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna sveitarstjórnarkosninga 31. maí 2014 er hafin. Kjósanda er heimilt að greiða atkvæði utan kjörfundar til kjördags. Innanlands er hægt að kjósa hjá sýslumönnum hvort sem er á aðalskrifstofu eða í útibúum.

Hjá Sýslumanninum í Búðardal fer atkvæðagreiðslan fram á skrifstofu sýslumanns, Miðbraut 11, frá kl. 13:00 til 15:30 alla virka daga til kjördags. Hægt er að kjósa á öðrum tíma samkvæmt nánara samkomulagi við viðkomandi kjörstjóra.

## Skoðanakönnun um sameiningu sveitarfélaga

Samhliða kosningu til sveitarstjórnar fer fram skoðanakönnun meðal íbúa, þar sem spurt verður um afstöðu þeirra til sameiningar við önnur sveitarfélög. Spurt verður hvort viðkomandi vilji að Dalabyggð sameinist öðru sveitarfélagi, og sé svarið játandi verða gefnir nokkrir kostir um sameiningu sem hægt verður að velja um.

Könnunin verður ráðgefandi fyrir næstu sveitarstjórn sem vinna mun úr niðurstöðunni í samvinnu við önnur sveitarfélög og í samræmi við 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

## Flokksstjóri vinnuskóla

Starf flokksstjóra við Vinnuskóla Dalabyggðar er laust til umsóknar.

Æskilegt er að umsækjandi sé 20 ára eða eldri, hafi reynslu af því að að vinna með börnum og hafi bíl til umræða.

Umsóknareyðublöð eru á [www.dalir.is](http://www.dalir.is) og á skrifstofu Dalabyggðar. Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til og með föstudagsins 28. maí 2014.

## Sumarstörf fyrir námsmenn

Dalabyggð auglýsir tvö störf laus til umsóknar í tengslum við atvinnuáttak sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar sumarið 2014.

Verkefni geta verið af ýmsum toga eftir áhugasviði umsækjenda svo sem umhverfisverkefni, aðstoð hjá byggingarfulltrúa eða verkefni tengd menningar- og ferðamállum.

Um störfin gildir eftirfarandi:

- Ráðningartími er að hámarki tveir mánuðir á tímabilinu 1. júní – 31. júlí.
- Skilyrði er að umsækjandi sé að koma úr námi og að sé skráður í nám að hausti (sé á milli anna). Umsækjandi þarf að eiga lögheimili í Dalabyggð.
- Námsmaður þarf að vera 18 ára á árinu eða eldri, þ.e. fæddur 1996 eða fyrr.

Nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri.

Umsóknareyðublöð eru á [www.dalir.is](http://www.dalir.is) og á skrifstofu Dalabyggðar.

Umsóknarfrestur er til 23. maí 2014

## Sælingsdalslaug

Sælingsdalslaug verður opin í maímánuði á þriðjudögum kl. 17-19, miðvikudögum kl. 17-21 og fimmtudögum kl. 17-19. Opið verður sérstaklega fyrir eldri borgara kl. 15:30-17 á þriðjudögum. Laugin verður lokuð fyrstu vikuna í júní vegna viðhalds.